

Ár 2018, þriðjudaginn 30. janúar, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 12/2017

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

### I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (X) sem barst siðanefnd 18. apríl 2017, er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærði Y hafi gerst brotlegur við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para saman tíkina A við rakkann B, þar sem tíkin uppfyllti ekki þær heilsufarskröfur sem gerðar eru fyrir pörun. Kæran var send kærða til umsagnar með bréfi dagsettu 8. júní 2017 og honum gefinn frestur til 6. júlí til að skila inn andmælum. Kærði svaraði ekki bréfinu og var honum sent ítrekunarbref, dags. 14. september 2017, sem ekki var svarað. Siðanefnd taldi þar með að öll gögn og sjónarmið er máli kynnu að skipta væru komin fram og tók málið til úrskurðar.

### II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði var tíkin A, pöruð við rakkann B, hinn 1. október 2016. Við pörunina uppfyllti tíkin ekki þær heilsufarskröfur sem gerðar eru til tegundarinnar þar eð niðurstöður úr augnskoðun lágu ekki fyrir fyrir en eftir pörun. Hundarnir eru af hundakyninu labrador retriever og er kærði umráðamaður tíkarinnar og ræktandi gotsins. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærði gerst brotlegur við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ. Kærði hefur ekki nýtt sér andmælarétt sinn né á nokkurn hátt reynt að útskýra málið þrátt fyrir ítrekuð tilmæli nefndarinnar.

### III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um augnskoðun á hundakyninu labrador retriever:

„Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. (Gildir frá 1. nóvember 1999). Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann. (Gildir frá 01.09. 2012).”

Óumdeilt er að á þeim tíma sem pörunin átti sér stað uppfyllti tíkin ekki þær heilsufarskröfur sem gerðar eru til tegundarinnar þar er gilt vottorð um augnskoðun lá ekki fyrir fyrir en eftir pörun. Mikilvægt er að það liggja fyrir við pörun til þess að tryggt sé að hundurinn beri ekki með sér

arfgengan augnsjúkdóm. Hefur kærða því gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kemur þá til skoðunar, hver séu hæfileg viðurlög við brotinu. Tíkin hefur nú verið augnskoðuð og reyndist laus við arfgenga augnsjúkdóma. Það breytir þó ekki brotinu að tíkin hafi staðist skoðun eftir, það gat kærði ekki séð fyrir. Siðanefnd telur þó að þar eð kærði hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotlegur við reglur félagsins þá verði hæfileg viðurlög við brotinu áminning.

IV. Niðurstaða.

Kærði, X, telst hafa gerst brotlegur við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærði er áminntur.

f.h. siðanefndar

---

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir

---

Guðrún Margrét Baldursdóttir

---

Kristín Sveinbjarnardóttir